

# Uppgjör 1H 2021

---

**Lilja Björk Einarsdóttir**

Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**

Framkvæmdastjóri  
Fjármála og reksturs



# Stöðugur árangur í takt við nýja stefnu – Landsbanki nýrra tíma

- Traustur rekstur og góð fjárhagsstaða.

## Afkoma

- Aukin markaðshlutdeild, skilvirkur og hagkvæmur rekstur ásamt bjartari efnahagshorfum skila góðri afkomu.
- Hagnaður á fyrri helmingi ársins er 14,1 ma.kr. og arðsemi eiginfjár er 10,8%.

## Rekstrartekjur

- Hreinar þjónustutekjur aukast um 21% frá áramótum sem skýrist af fjölgun viðskiptavina og auknum umsvifum í eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf.
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna nam 2,4% á fyrri helmingi ársins 2021 en var 2,5% á sama tímabili árið áður.
- Viðsnúningur í virðisbreytingu útlána milli ára að upphæð 2,8 ma.kr. má rekja til minni efnahagssamdráttar á árinu 2020 en spár gerðu ráð fyrir. Útlit er fyrir góðan efnahagsbata á seinni helmingi ársins.

## Vöxtur íbúðalána og innlán

- Mikil sókn er í íbúðalán og hafa þau aukist um 14% frá áramótum. Markaðshlutdeild hefur aldrei verið hærri.
- Innlán viðskiptavina aukast um 50 ma.kr. og innlán í heild eru um helmingur af heildarfjármögnun bankans.

## Sterk eiginfjárstaða

- Eigið fé bankans nam í lok júní er 267,9 ma.kr.
- Eiginfjárgrunnur er 35 ma.kr. umfram eiginfjármarkmið bankans og 70 ma.kr. umfram heildareiginfjárkröfu Fjármálaeftirlits Seðlabankans.

Hagnaður

**14,1** ma.kr.

10,8% arðsemi eiginfjár

Eiginfjárlutfall

**25,1%**

Lágmarkskrafa 18,9%

Kostnaðarlutfall

**43,7%**

Hlutfall kostnaðar og tekna (K/T hlutfall)

Heildarinnlán

**843** ma.kr.

Heildarútlán

**1.328** ma.kr.

Eignir í stýringu

**643** ma.kr.



Tvöföld eftirspurn var í hlutfjár-  
útboði Síldarvinnslunnar hf. Lands-  
bankinn var umsýjaraðili útboðs.

**EUROMONEY**  
AWARDS FOR EXCELLENCE  
2021

**The Banker**  
GLOBAL FINANCIAL INTELLIGENCE SINCE 1926

Besti bankinn á Íslandi að mati  
Euromoney og The Banker



UFS áhættumatseinkunn er 9,7  
(hverfandi áhætta). Landsbankinn  
er í 1. sæti af 423 bönkum sem  
Sustainalytics hefur mælt í Evrópu.



Einstaklingar

# Mikil notkun á stafrænum lausnum og ánægja eykst

Markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði\*

39%

\*Heimild Landsbankinn

Aukning íbúðalána fyrstu 6 mánuði ársins\*

14%

\*Heimild Landsbankinn

Viðskiptavinir kjósa stafrænar dreifileiðir\*\*

10.200.000

innskráningar í app

5.800.000

innskráningar í netbanka

212.000

símtöl  
í þjónustuver

121.000

heimsóknir  
í útibú

26.000

pantaðir tímar  
í fjármálaráðgjöf

\*\*Tímabil janúar - júní

Stefna okkar er að einfalda viðskiptavinum lífið og eiga frumkvæði að því að bjóða þeim þjónustu sem hentar hverjum og einum. Það gerum við bæði með því að þróa einfaldar og aðgengilegar lausnir og með því að nýta gögn til að veita viðskiptavinum persónulega og faglega ráðgjöf. Það er ánægjuleg viðurkenning að við mælumst efst banka samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni, annað árið í röð.

ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUVOGIN  
2019

ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUVOGIN  
2020





Fyrirtæki

# Traust langtímasambönd og verðmætasköpun

Markaðshlutdeild á fyrirtækjamarkaði\*

32%

\*Heimild Gallup

„Við erum mjög ánægð með samstarfið við Landsbankann. Við finnum fyrir ótrúlega miklum stuðningi og það sem skiptir okkur líka máli er að við finnum fyrir svo miklum áhuga á verkefninu. Auk þess hefur öll sú þekking og reynsla á ferðapjónustunni sem er til innan bankans reynst mjög vel. Við höfum fundið fyrir gagnkvæmri virðingu og trausti alveg frá upphafi, sem er mikilvægt.“

Dagný Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Sky Lagoon.

Viðskiptavinir kjósa stafrænar dreifileiðir\*\*

143.000

innskráningar í app

1.900.000

innskráningar í netbanka fyrirtækja

47.000

aðgerðir í fyrirtækjapjónustu

21.000

símtöl í þjónustuver

\*\*Tímabil janúar - júní

Við leggjum kapp á að byggja upp traust langtímasamband, veita framúrskarandi þjónustu og styðja við verðmætasköpun svo fyrirtæki nái árangri. Vel tókst að halda uppi kröftugu þjónustustigi í Covid-19 og mælast viðskiptavinir bankans þeir ánægðustu á bankamarkaði. \*\*\*

\*\*\* Samkvæmt könnun Gallup fyrir Landsbankann meðal fyrirtækja með 4 starfsmenn eða fleiri, maí 2021.




SKY LAGOON

# Leiðandi í sjálfbærni

- Eingöngu 1% af kolefnislosun er vegna reksturs bankans.

## Landsbankinn mælir kolefnislosun lánasafnsins fyrstur banka

Landsbankinn hefur fyrstur íslenskra fjármálafyrirtækja metið kolefnislosun frá lánasafni sínu. Þetta markar tímamót, þar sem ein helsta áskorun banka í loftslagsmálum hefur verið að meta umhverfisáhrif frá verkefnum sem þeir lána til eða fjárfesta í.




## Helstu sjálfbærni-verkefni okkar á 2F

	<b>Eignadreifing sjálfbær</b> Nýr fjárfestingarsjóður leit dagsins ljós. Sjóðurinn skoðar UFS- þætti við fjárfestingarákvarðanir. Nú bjóðast viðskiptavinum Landsbankans fleiri fjárfestingarkostir sem samræmast aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga og styður við vegferð Landsbankans og Landsbréfa í ábyrgum fjárfestingum.
	<b>Sjálfbær fjármögnun fyrirtækja</b> Landsbankinn býður fyrirtækjum nú upp á sjálfbæra fjármögnun undir sjálfbærri fjármálaumgjörð bankans. Þegar fyrirtæki fær slíka fjármögnun hlýtur það sjálfbærni-merki Landsbankans sem nota má í kynningarefni.
	<b>Sustainalytics UFS-áhættumat</b> Landsbankinn fékk bestu einkunn sína hingað til í uppfærðu UFS-áhættumati frá Sustainalytics, í maí 2021, og er nú í 1. sæti af 423 bönkum sem fyrirtækið hefur metið í Evrópu.
	<b>Bankinn leiðir alþjóðlega þróun aðferðafræði innan PCAF</b> Sérfræðingar Landsbankans leiða þróun á aðferðafræði PCAF, samstarfsvettvangs fjármálafyrirtækja, vegna útreikninga og framsetningar á umhverfisáhrifum fjárfestinga í grænum skuldabréfum.
	<b>Fyrsta sjálfbærniskuldabréfið gefið út hérlandis</b> Landsbankinn vann með sveitarfélaginu Árborg að útgáfu fyrsta sjálfbærniskuldabréfi gefnu út á Íslandi. Landsbankinn var ráðgefandi í ferlinu frá upphafi til enda.


# Traustur rekstur og stuðningur við viðskiptavinum

- Aukin skilvirkni samhliða stækkun efnahagsreiknings.

## Hlutfall rekstrarkostnaðar af heildareignum




## Þjónustutekjur mv. stöðugildi hækka




Fjárhæðir í milljónum króna

## Fáir einstaklingar með Covid-19 úrræði



## Lítill breyting í Covid-19 úrræðum fyrirtækja frá 2020




Fjárhæðir í milljónum króna

# Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða


- Sterkur efnahagur styður við stefnu bankans.

	Markmið	1H 2021	Leiðbeinandi viðmið
<b>Arðsemi</b>			
Arðsemi eigin fjár	≥ 10%	10,8%	Langtímamarkmið bankans er að arðsemi eigin fjár verði um eða yfir 10%. Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2021 er 7,5 – 9,0%.
<b>Skilvirkni</b>			
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	≤ 45%	43,7%	Vænt K/T hlutfall á árinu 2021 er 43 – 47%.
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>			
Arðgreiðsluhlutfall	~ 50%	42,7%	Stefnt er að sérstökum arðgreiðslum til viðbótar við reglulegar arðgreiðslur.
Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)	≥ 18%	23,3%	Bankinn mun leitast við að gefa út víkjandi fjármögnun á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfellt fyrir fjármagnsskipan bankans.
Eiginfjárlutfall alls	≥ 22%	25,1%	Markmið bankans er einnig að vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af viðeigandi lánsþæfismats-fyrirtækjum.


Arðsemi eigin fjár




Eiginfjárlutfall




Kostnaðarhlutfall (K/T)



Heildarlausafjárþekjuhlutfall





# LANDSBANKI NÝRRRA TÍMA



# Rekstrarreikningur




# Rekstrarreikningur


	1H 2021	1H 2020	Breyting			2F 2021	2F 2020	Breyting	
Hreinar vaxtatekjur	18.958	18.939	19	0%		10.332	9.512	820	9%
Hreinar þjónustutekjur	4.368	3.598	770	21%		2.314	1.653	661	40%
Hrein virðisbreyting	2.782	-13.435	16.217	-121%		293	-8.191	8.484	-104%
Aðrar rekstrartekjur	4.159	173	3.986	2309%		1.569	2.901	-1.332	-46%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>30.267</b>	<b>9.275</b>	<b>20.992</b>	<b>226%</b>		<b>14.508</b>	<b>5.875</b>	<b>8.633</b>	<b>147%</b>
Laun og launatengd gjöld	7.493	7.646	-153	-2%		3.724	3.802	-78	-2%
Annar rekstrarkostnaður	4.517	4.636	-119	-3%		2.202	2.206	-4	0%
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	980	875	105	12%		513	425	88	21%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>12.990</b>	<b>13.157</b>	<b>-167</b>	<b>-1%</b>		<b>6.439</b>	<b>6.433</b>	<b>6</b>	<b>0%</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>17.277</b>	<b>-3.882</b>	<b>21.159</b>	<b>-545%</b>		<b>8.069</b>	<b>-558</b>	<b>8.627</b>	<b>-1.546%</b>
Tekjuskattur	3.172	-595	3.767	-633%		1.582	-899	2.481	-276%
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>14.105</b>	<b>-3.287</b>	<b>17.392</b>	<b>-529%</b>		<b>6.487</b>	<b>341</b>	<b>6.146</b>	<b>1.801%</b>

# Hreinar rekstrartekjur


- Mikil umsvif á verðbréfamörkuðum og aukin áhersla á þjónustutekjur skila árangri.




## Hreinar vaxtatekjur



## Hreinar þjónustutekjur



## Hrein virðisbreyting útlána og krafna







# Hreinar rekstrartekjur

- Hækkarnir á hlutabréfamarkaði hafa jákvæð áhrif á afkomu bankans.


## Hlutabréf




## Aðrar rekstrartekjur (og gjöld)



## Markaðsskuldabréf




## Gengismunur gjaldmiðla




# Rekstrargjöld

- Áframhaldandi kostnaðaraðhald og fækkun stöðugilda samhliða aukinni sjálfvirkni.



## Laun og tengd gjöld



## Stöðugildi



## Annar rekstrarkostnaður



# Efnahagsreikningur







# Heildareignir

- Útlán vaxa um 4% frá áramótum, en heildareignir um 7%.

	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	89	68	21	31%
Markaðsskuldabréf	128	119	9	8%
Hlutabréf	35	27	8	30%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	64	48	16	33%
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.328	1.273	55	4%
Aðrar eignir	33	29	4	14%
<b>Samtals</b>	<b>1.677</b>	<b>1.564</b>	<b>113</b>	<b>7%</b>


- Útlán til einstaklinga jukust um 75 milljarða króna. Íbúðalán hækkuðu um 14% eða um 72 milljarða króna.
- Útlán til fyrirkja drógust saman um 20 milljarða króna, af því skýra áhrif gengis gjaldmiðla 13 milljarða króna lækkun.




# Útlán og kröfur á viðskiptavini

- Hlutdeild óverðtryggðra lána heldur áfram að aukast umtalsvert. Verðtryggð útlán dragast saman.


## Heildarútlán



## Vandræðalán



\*Vegna tímabundinna COVID-19 úrræða og frestunar á greiðslum má ætla að vanskil mælist minni en ella.




## Útlán eftir áhættustigum

	Bókfært virði brúttó		Virðisrýrnunarsjóður		Bókfært virði	
Áhættustig 1	1.144	84,9%	2	0,2%	1.142	86,0%
Áhættustig 2	144	10,7%	6	4,2%	138	10,4%
Áhættustig 3	39	2,9%	11	28,2%	28	2,1%
Gangvirði	20	1,5%			20	1,5%
<b>Samtals</b>	<b>1.347</b>	<b>100%</b>	<b>19</b>	<b>1,4%</b>	<b>1.328</b>	<b>100%</b>


# Virðisbreyting útlána

- Hraður efnahagsbati og sterk viðspyrna heimila og fyrirtækja leiðir til tekjufærslu vegna virðisbreytingar útlána.


## Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




## Áhættukostnaður útlána



## Heildarútlán eftir flokkun í áhættustig



## Virðisrýrnunarsjóður sem hlutfall af kröfuvirði







# Útlán til einstaklinga

- Mikill vöxtur óverðtryggðra íbúðalána, uppgreiðslur verðtryggðra útlána halda áfram.


## Útlán til einstaklinga




## Útlán til einstaklinga eftir flokkun í áhættustig



## Útlán heimila eftir lánsformum




## Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




# Útlán til fyrirtækja

- Samdráttur í útlánunum til fyrirtækja er drifinn af gengisbreytingum.


## Útlán til fyrirtækja



## Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig



## Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




# Skuldir og eigið fé

- Vel fjármagnaður banki með mikið eigið fé.


	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	40	49	-9	-18%
Innlán frá viðskiptavinum	843	793	50	6%
Lántaka	457	420	37	9%
Aðrar skuldir	48	23	25	109%
Víkjandi lántaka	21	21	0	0%
Eigið fé	268	258	10	4%
<b>Samtals</b>	<b>1.677</b>	<b>1.564</b>	<b>113</b>	<b>7%</b>

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um 50 milljarða frá áramótum.
- Aukin útgáfa sértryggðra skuldabréfa samhlíða aukningu í íbúðalánum.

## Innlán frá viðskiptavinum





## Skuldir og eigið fé




# Lánsfjármögnun

- Stöðugur vöxtur í útgáfu sértryggðra skuldabréfa undanfarin ár.


## Sundurliðun lánsfjármögnunar



## Útgáfa lánsfjármögnunar



## Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar \*



\*EUR 100m víkjandi lán eru á gjalddaga 2028 með innköllunarheimild 2023.


\*ISK 5,5 milljarðar víkjandi lán er á gjalddaga 2029 með innköllunarheimild 2024.

Fjárhæðir í milljónum króna


# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

## - Sterk lausafjár- og fjármögnunarhlutföll.


### Heildarlausafjárþekjuhlutfall




### Fjármögnunarþekjuhlutfall



### Lausafjárþekjuhlutfall ISK



### Lausafjárþekjuhlutfall erlendra mynta






# Eiginfjárkröfur


- Arðgreiðslur 2021 í samræmi við hámarks viðmið Seðlabanka Íslands. Fyrirhuguð endurkaup eigin hluta.

	CET1	Tier 1	Alls
Stoð I	4,5%	6,0%	8,0%
Stoð II-R	2,0%	2,6%	3,5%
<b>Lámarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R</b>	<b>6,5%</b>	<b>8,6%</b>	<b>11,5%</b>
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu	2,9%	2,9%	2,9%
Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki	2,0%	2,0%	2,0%
Sveiflujöfnunarauki	0,0%	0,0%	0,0%
Verndunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
<b>Samanlögð krafa um eiginfjáruka undir Stoð II-G</b>	<b>7,4%</b>	<b>7,4%</b>	<b>7,4%</b>
<b>Heildarkrafa um eiginfjárgrunn</b>	<b>13,9%</b>	<b>16,0%</b>	<b>18,9%</b>
<b>Eiginfjárhlutfall alls 30.6.2021</b>	<b>23,3%</b>	<b>23,3%</b>	<b>25,1%</b>

## Áhættuvegnar eignir



## Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni



- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána- og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. basic indicator approach). Bankinn beitir virkri nálgun (e. dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.
- Í lok júní 2021 birti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) Landsbankanum niðurstöðu úr árlegu könnunar- og matsferli (e. SREP) sem snýr að mati á eiginfjárpörf samstæðu bankans. Heildarkrafa um eiginfjárgrunn samstæðunnar nemur 18,9% af áhættugrunni og samanstendur af grunnkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 8,0%, viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 3,5% og samanalagðri kröfu um eiginfjáruka sem nemur 7,4%.

# Arðgreiðslur og eiginfjárlutfall

- Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð.

## Arðgreiðsla 2021

- Aðalfundur bankans, sem haldinn var þann 24. mars 2021, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2020 sem nemur 0,19 krónum á hlut. Fjárhæð arðgreiðslunnar miðað við útistandandi hluti nemur 4.489 milljónum króna, sem samsvarar 43% af hagnaði ársins 2020.
- Arðgreiðslan er í samræmi við þau hámarks viðmið sem Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands setti fram þann 13. janúar 2021.
- Arðurinn var greiddur út til hluthafa þann 31. mars 2021.


## Fyrirhuguð endurkaup eigin hluta

- Bankinn mun bjóða hluthöfum að selja eignarhluti sína í bankanum, í samræmi við heimild aðalfundar, samtals sem nemur allt að 57 milljónum hluta eða um 0,24% af útgefnu hlutafé bankans.


## Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

## Arðgreiðslur



## Eiginfjárlutfall alls, breytingar 1H 2021




Viðauki




# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykil hagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 25% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 50% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 25%.


## Hagvöxtur




## Atvinnuleysi




## Verðbólga




## Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)



## EUR/ISK



## Íbúðaverð (breyting milli ára)



# Kennitölur

	2F 2021	1F 2021	4F 2020	3F 2020	2F 2020	1H 2021	2020	2019	2018	2017
Hagnaður eftir skatta	6.487	7.618	9.822	3.986	341	14.105	10.521	18.235	19.260	19.766
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	12,2%	14,2%	17,8%	8,5%	-0,9%	13,2%	5,1%	9,6%	11,1%	11,0%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	9,8%	11,7%	15,5%	6,5%	0,6%	10,8%	4,3%	7,5%	8,2%	8,2%
Arðsemi heildareigna eftir skatta	1,6%	1,9%	2,5%	1,0%	0,1%	1,8%	0,7%	1,3%	1,5%	1,7%
Eiginfjárlutfall alls	25,1%	24,9%	25,1%	24,7%	24,9%	25,1%	25,1%	25,8%	24,9%	26,8%
Hreinar vaxtatekjur	10.332	8.626	9.694	9.441	9.512	18.958	38.074	39.670	40.814	36.271
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,5%	2,2%	2,4%	2,4%	2,5%	2,4%	2,5%	2,8%	3,2%	3,1%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	41,7%	45,8%	38,8%	46,6%	42,7%	43,7%	47,4%	42,6%	45,5%	46,1%
Heildarlausafjárþekja	180%	202%	154%	186%	191%	180%	154%	161%	158%	157%
Lausafjárþekja erlendra mynta	420%	477%	424%	379%	476%	420%	424%	769%	534%	931%
Lausafjárþekja ISK	112%	120%	105%	107%	114%	112%	105%	61%	44%	60%
Fjármögnunarþekja	121%	118%	117%	115%	117%	121%	116%	117%	120%	124%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	140%	140%	132%	116%	121%	140%	132%	143%	166%	179%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	1,4%	1,5%	1,6%	1,3%	1,6%	1,5%	1,6%	1,7%	1,9%	2,0%
Heildareignir	1.677.297	1.600.952	1.564.177	1.610.265	1.501.110	1.677.297	1.564.177	1.426.328	1.326.041	1.192.870
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	157,6%	162,1%	160,5%	154,3%	157,9%	157,6%	160,5%	161,1%	153,6%	153,0%
Stöðugildi	844	869	878	884	872	844	878	893	919	997



# Rekstur

	2F 2021	1F 2021	4F 2020	3F 2020	2F 2020
Hreinar vaxtatekjur	10.332	8.626	9.694	9.441	9.512
Hreinar þjónustutekjur	2.314	2.054	1.981	2.059	1.653
Hrein virðisbreyting	293	2.489	1.535	-120	-8.191
Gjaldeyrisgengismunur	-45	-27	-52	-52	-259
Aðrar rekstrartekjur	1.614	2.618	4.919	-427	3.160
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>14.508</b>	<b>15.759</b>	<b>18.077</b>	<b>10.901</b>	<b>5.875</b>
Laun og launatengd gjöld	3.724	3.769	3.986	3.135	3.802
Annar rekstrarkostnaður	2.202	2.315	2.433	1.995	2.206
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	513	467	400	540	425
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>6.439</b>	<b>6.551</b>	<b>6.819</b>	<b>5.670</b>	<b>6.433</b>
<b>Hagnaður (Tap) fyrir skatta</b>	<b>8.069</b>	<b>9.208</b>	<b>11.258</b>	<b>5.231</b>	<b>-558</b>
Tekjuskattur	1.582	1.590	1.436	1.245	-899
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>6.487</b>	<b>7.618</b>	<b>9.822</b>	<b>3.986</b>	<b>341</b>

1H 2021	2020	2019	2018	2017
18.958	38.074	39.670	40.814	36.271
4.368	7.638	8.219	8.157	8.431
2.782	-12.020	-4.827	1.352	1.785
-72	-278	-584	-1.497	-1.375
4.231	4.839	9.039	5.084	8.400
<b>30.267</b>	<b>38.253</b>	<b>51.517</b>	<b>53.910</b>	<b>53.512</b>
7.493	14.767	14.458	14.589	14.061
4.517	9.064	9.534	9.348	9.789
980	1.815	4.204	3.860	3.253
<b>12.990</b>	<b>25.646</b>	<b>28.196</b>	<b>27.797</b>	<b>27.103</b>
<b>17.277</b>	<b>12.607</b>	<b>23.321</b>	<b>26.113</b>	<b>26.409</b>
3.172	2.086	5.086	6.853	6.643
<b>14.105</b>	<b>10.521</b>	<b>18.235</b>	<b>19.260</b>	<b>19.766</b>

# Efnahagur

	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	89.342	67.604	21.738	32%
Markaðsskuldabréf	128.208	119.330	8.878	7%
Hlutabréf	35.111	26.808	8.303	31%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	64.245	48.073	16.172	34%
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	1.328.031	1.273.426	54.605	4%
Aðrar eignir	32.360	28.936	3.424	12%
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.677.297</b>	<b>1.564.177</b>	<b>113.120</b>	<b>7%</b>
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	40.312	48.725	-8.413	-17%
Innlán frá viðskiptavinum	842.624	793.427	49.197	6%
Lántaka	456.688	420.178	36.510	9%
Aðrar skuldir	48.913	22.227	26.686	120%
Víkjandi lántaka	20.889	21.366	-477	-2%
Eigið fé	267.871	258.255	9.616	4%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.677.297</b>	<b>1.564.177</b>	<b>113.120</b>	<b>7%</b>

	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2017
	69.824	70.854	55.192
	115.262	77.058	117.310
	30.019	23.547	27.980
	47.929	71.385	44.866
	1.140.184	1.064.532	925.636
	23.110	18.665	21.886
	<b>1.426.328</b>	<b>1.326.041</b>	<b>1.192.870</b>
	48.062	34.609	32.062
	707.813	693.043	605.158
	373.168	314.412	281.874
	30.470	31.027	27.642
	19.081	13.340	77
	247.734	239.610	246.057
	<b>1.426.328</b>	<b>1.326.041</b>	<b>1.192.870</b>

# Starfsþættir

1.1 - 30.6.2021	Einstaklingssvið	Fyrirtækjasvið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskiptavakt	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	8.230	9.253	227	1.291	-34	-9	18.958
Hreinar þjónustutekjur	1.245	826	2.603	-154	63	-215	4.368
Hrein virðisbreyting	638	2.148	-1	-3	0	0	2.782
Aðrar tekjur og (gjöld)	183	159	196	3.249	380	-8	4.159
<b>Rekstrartekjur (gjöld) samtals</b>	<b>10.296</b>	<b>12.386</b>	<b>3.025</b>	<b>4.383</b>	<b>409</b>	<b>-232</b>	<b>30.267</b>
Rekstrarkostnaður	-3.396	-1.438	-1.082	-384	-5.934	224	-12.010
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	-382	-174	-5	-419	0	0	-980
Úthlutaður kostnaður	-2.144	-1.394	-547	-457	4.542	0	0
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>4.374</b>	<b>9.380</b>	<b>1.391</b>	<b>3.123</b>	<b>-983</b>	<b>-8</b>	<b>17.277</b>
Tekjuskattur	-1.114	-2.315	330	-279	206	0	-3.172
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>3.260</b>	<b>7.065</b>	<b>1.721</b>	<b>2.844</b>	<b>-777</b>	<b>-8</b>	<b>14.105</b>
Heildareignir	714.309	616.024	11.817	692.996	17.118	-374.967	1.677.297
Heildarskuldir	678.397	497.623	8.170	583.085	17.118	-374.967	1.409.426
Úthlutað eigið fé	35.912	118.401	3.647	109.911	0		267.871

# Fyrirvari

---

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreynðar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.